

1.500 lítra 1. janúar 1996. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski skattstjóri slíkrar aðstoðar. Skattstjóri getur krafist upplýsinga frá innflytjendum og seljendum gas- og dísilolíu um sölu til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1996. Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari málsgrein skulu skila olíugjaldi til innheimtumanns eigi síðar en 15. febrúar 1996.

III.

Fjármálaráðherra skal skipa sérstaka samráðsnefnd til að vera til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd laganna, þar með talið setningu reglugerðar. Enn fremur skal nefndin kanna þær forsendur sem liggja til grundvallar fjárhæð olíugjalds. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis, skattfirvalda, Vegagerðarinnar, olíufélaganna og annarra hagsmunasamtaka.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 35

28. febrúar 1995

LÖG

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „11. gr.“ í 2. gr. laganna kemur: 10. gr.

2. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
6. Skíðalyftur.

3. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Orðin „og 6. gr.“ í 9. gr. laganna falla brott.

5. gr.

3. tölul. 10. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 2. tölul. verður svohljóðandi: Af munum sem váttryggðir eru skv. 1.–5. tölul. 2. mgr. 5. gr., 0,20%.

- b. 3. tölul. verður svohljóðandi: Af munum, sem váttryggðir eru skv. 6. tölul. 2. mgr. 5. gr., reiknast iðgjald eftir reglum sem stjórn stofnunarinnar setur.
- c. Orðin „og 6. gr.“ í 4. mgr. falla brott.

7. gr.

Á eftir 1. másl. 21. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur er stjórninni heimilt að veita styrki til fræðslu- og þjálfunarmála þeirra landssamtaka sem hafa samstarfssamning við Almannavarnir ríkisins um skipun hjálparliðs.

8. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árinu 1995 skal stjórn Viðlagatryggingar Íslands greiða Ísafjarðarkaupstað 90 milljónir króna í bætur vegna tjóns sem varð á skíðalyftum á Ísafirði í snjóflóðum veturinn 1994.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árunum 1995–99 skal innheimta 10% álag á iðgjöld skv. 10. gr. Tekjur af þessu álagi á iðgjöld skulu renna í ofanflóðasjóð, sbr. 10. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Um innheimtu þessa gjalds fer skv. 10. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.